



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA



Ljósmynd úr fjarskiptaaðstöðu Íslenskra radióamatöra í Skeljanesi í Reykjavík. Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN var í sambandi við radióamatör í Ástralíu frá félagsstöðinni TF3IRA þegar myndin var tekin.

ÍRA

Íslenskir radióamatörar, skammstafað ÍRA, er landsfélag radióamatöra á Íslandi og var stofnað 14. ágúst 1946. Félagið á aðild að samtökum landsfélaga radióamatöra, <http://iaru.org/> International Amateur Radio Union, IARU, svæðissamtökum þeirra IARU Region 1 og samtökum norrænna landsfélaga, Nordisk Radio Amatør Union, NRAU. ÍRA hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi.

Amatör radió

Í reglugerð stjórnvalda um starfsemi okkar er amatör radió skilgreint á þennan hátt: „Þráðlaus fjarskiptaþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radió-áhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild“.

Og einnig: „Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings.“

Til að öðlast leyfi þarf viðkomandi að gangast undir próf hjá Fjarskiptastofu. Þess má geta, að amatör radió er eina áhugamálið sem hefur réttarstöðu samkvæmt alþjóðasamningum.

Amatör radió er áhugamál, bæði hér á landi og erlendis. Það hefur gjarnan verið nefnt vísindalegt áhugamál. Sumir vilja þó halda því fram að amatör radió sé lífsstíll eða ódreypandi baktería og geta flestir radióamatörar tekið undir það. Fjöldi radióamatöra í heiminum í dag er nær 5 milljónir og hér á landi hafa verið gefin út yfir 500 leyfisbréf frá upphafi (1947).

Eftir að prófi er náð

Eftir að hafa staðist próf til amatörleyfis, sem er í tveimur hlutum, annars vegar tæknipróf og hins vegar próf í reglugerð og viðskiptum, gefur Fjarskiptastofa út leyfisbréf með sérstöku kallmerki. Forskeytið er TF, þar á eftir kemur tala og síðan einn til þrír bókstafir. Dæmi um kallmerki: TF3IRA.